

## Starfsáætlun 2018

Heklan atvinnuþróunarfélag Suðurnesja starfar skv. samningi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Byggðartofunar.

Samningur um atvinnuþróun var undirritaður þann 23. janúar 2018. Verkefnin eru skilgreind í 3. gr. samningsins og tekur starfsáætlunin mið af þeirri skilgreiningu.

Markmið samningsins er:

- Að skapa grundvöll um samstarf við byggðapróun í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, með áherslu á búsetuskilyrði og samkeppnishæfi, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarf.
- Að samþætta áherslur ríkisins og sameiginlegar áherslur á starfssvæði SSS m.a. í samræmi við sóknaráætlun landshlutans.
- Uppbygging og gagnkvæm miðlun þekkingar, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli samningsaðila.

Heklan er deild innan Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og er rekin á kennitölu þess. Rekstur Markaðsstofu Reykjaness tilheyrir Heklunni og stjórn Heklunnar er jafnframt stjórn Markaðsstofu Reykjaness. Starfsmaður Heklunnar sér einnig um Reykjanes UNESCO Geopark.

Stjórn Heklunnar:

Kjartan Már Kjartansson formaður  
Magnús Stefánsson varaformaður  
Fannar Jónasson  
Sigrún Árnadóttir  
Ásgeir Eiríksson  
Marta Jónsdóttir  
Brynhildur Kristjánsdóttir  
Guðjón Skúlason  
Sigrún Elefsen

Reykjanesbær  
Sveitarfélagið Garður  
Grindavíkurbær  
Sandgerðisbær  
Sveitarfélagið Vogar  
Kadeco  
Ferðamálasamtök Reykjaness  
Samtökum atvinnurekanda á Suðurnesjum  
Ferðamálasamtök Reykjaness (áheyrnarfl.)

Starfsmenn:

Berglind Kristinsdóttir  
Björk Guðjónsdóttir  
Dagný Gísladóttir  
Eggert Sólberg Jónsson  
Þuríður Halldóra Aradóttir Braun  
Gunnar Hörður Garðarsson

Framkvæmdastjóri  
Verkefnastjóri  
Verkefnastjóri  
Verkefnastjóri  
Verkefnastjóri  
Verkefnastjóri

## Atvinnu- og byggðamál

## 1

<b>Markmið</b>	<b>Lokið var við gerð innviðagreiningar á síðasta ári. Á árinu 2018 verður lokið við að uppfæra hana í samræmi við þarfir Íslandsstofu. Einnig verður unnið að því að kortleggja dreifingu ferðamanna á Suðurnesjum</b>
<b>Aðgerð</b>	Bifreiðatalningar á Reykjanesi verða framkvæmdar. Uppfærsla á innviðagreiningu verður unnin í samstarfi við hagsmunaaðila, m.a. Íslandsstofu.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Skýrsla liggja fyrir í árslok 2018 með upplýsingum um dreifingu ferðamanna á Reykjaneskaganum. Bornar verða saman tölur á milli árana 2017-2018. Uppfærð innviðagreining í desember 2018.

## 2

<b>Markmið</b>	<b>Að auka samvinnu meðal starfandi fyrirtækja á Suðurnesjum</b>
<b>Aðgerð</b>	Funda reglulega með Samtökum atvinnurekanda á Suðurnesjum (SAR).
<b>Árangursmælikvarði</b>	Fundað hafi verið a.m.k. í 6 skipti yfir árið.

## 3

<b>Markmið</b>	<b>Að fjölga lánsúmsóknum til Byggðastofnunar frá fyrirtækjum á Suðurnesjum</b>
<b>Aðgerð</b>	Haldnar verði kynningar á lánamöguleikum í samstarfi við Byggðastofnun.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Að úmsóknum fjölgi um 10% frá árinu 2017

## Atvinnuráðgjöf

## 1

<b>Markmið</b>	<b>Að auka samkeppnishæfni fyrirtækja á Suðurnesjum</b>
<b>Aðgerð</b>	Standa fyrir námskeiðum og kynningum í samstarfi við lykilfyrirtæki á Suðurnesjum. Send verður út könnun til þátttakenda að loknu námskeiði/kynningu.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Að haldin verði a.m.k. 7 kynningar/námskeið fyrir árslok 2018. Ánægja þátttakenda í námskeiðslok.

## 2

<b>Markmið</b>	<b>Að fjölga umsóknum frá starfandi fyrirtækjum í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.</b>
<b>Aðgerð</b>	Kynna Uppbyggingarsjóð með því að fara í fyrirtækjaheimsóknir til starfandi fyrirtækja.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Að umsóknum frá starfandi fyrirtækjum hafi fjölgað um 10% frá árinu 2017.

## Nýsköpun

### 1

<b>Markmið</b>	<b>Að styðja við nýsköpun í menningarmálum</b>
<b>Aðgerð</b>	Fjölga umsóknum menningarverkefna í Uppbyggingarsjóð
<b>Árangursmælikvarði</b>	Að menningarumsóknum fjölgi um 10% frá árinu 2017 í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja

### 2

<b>Markmið</b>	<b>Stuðningur við frumkvöðla. Frá hugmynd til framkvæmdar</b>
<b>Aðgerð</b>	Standa fyrir nýsköpunarþingi/helgi
<b>Árangursmælikvarði</b>	Þingið haldið og að a.m.k. 3 hugmyndir séu tilbúnar til frekari úrvinnslu í lok árs 2018.

### 3

<b>Markmið</b>	<b>Að vera leiðandi í framsetningu kynningar á þeirri aðstöðu sem er í boði á Suðurnesjum og þeim möguleikum sem felast í því að hægt sé að mæta hugsanleg verkefni inn í aðstæður dagsins með 3D – hafnarlíkani.</b>
<b>Aðgerð</b>	Setja hafnir á Suðurnesjum í þrívíddarlíkan með það fyrir augum að hægt sé að nota það til markaðssetningar, hvort sem er á sviði ferðaþjónustu (skemmtiferðaskip) eða nýrri atvinnusköpun.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Þrívíddarlíkanið sé tilbúið í október 2018.

## Búsetuhættir

### 1

<b>Markmið</b>	<b>Að kynna svæðið sem góðan kost fyrir íbúa og fyrirtæki með því að vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði.</b>
<b>Aðgerð</b>	Aukinn slagkraftur verður settur í markaðssetningu Suðurnesja. Kynnt verður hvað Suðurnesin hafa upp á að bjóða.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Viðhorf almennings sé 5% jákvæðara í árslok 2018. Mynda- og gagnabanki sé tilbúinn til nota fyrir fyrirtæki og sveitarfélög í árslok.

### 2

<b>Markmið</b>	<b>Að auka samvinnu ríkisvaldsins og sveitarfélaganna með það fyrir augum að stofnanir ríkisins geti stutt við uppbyggingu á Suðurnesjum og brugðist sé við þörfum samfélagsins.</b>
<b>Aðgerð</b>	Taka saman og halda utan um tölulegar upplýsingar um framlög til ríkisstofnana á Suðurnesjum. Fundað sé reglulega með þingmönnum svæðisins.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Tölulegar upplýsingar um fjárframlög til stofnana liggi fyrir í mars 2018. Fundað hafi verið með starfsmönnum ráðuneyta og þeim kynnt gögnin.

## Upplýsingaöflun

## 1

<b>Markmið</b>	<b>Greina þá þætti sem skipta íbúa mestu máli með tilliti til búsetupáttá.</b>
<b>Aðgerð</b>	Unnin sé íbúakönnun í samvinnu við önnur atvinnuþróunarfélög á landinu. Könnunin verður keyrð saman á landsvísu.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Skýrsla með íbúakönnun tilbúin í ágúst 2018.

## 2

<b>Markmið</b>	<b>Að taka þátt í að vinna upplýsingar um þjónustuframboð á Suðurnesjum.</b>
<b>Aðgerð</b>	Upplýsingum verði safnað saman á skipulagðan hátt með það fyrir augum að hægt sé að kortleggja þjónustuframboð á Suðurnesjum.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Búið sé að skila inn gögnum af Suðurnesjum í Byggðabrunn í árslok 2018. Búið sé að skila inn gögnum af Suðurnesjum vegna þjónustukorts sem vinna á skv. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.

Endurmenntun, samstarf o.fl.

## 1

<b>Markmið</b>	<b>Auka virkni á Workplace</b>
<b>Aðgerð</b>	Starfsmenn Heklunnar setja inn 3 færslur á mánuði, þar sem þeir deila upplýsingum með öðrum landshlutasamtökum
<b>Árangursmælikvarði</b>	36 birtar færslur á árinu 2018

## 2

<b>Markmið</b>	<b>Að farið sé í eina endurmenntunarferð á árinu ásamt öðrum atvinnuþróunarfélögum.</b>
<b>Aðgerð</b>	Sameiginleg kynningarferð ásamt starfsfólki atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunnar.
<b>Árangursmælikvarði</b>	Ferðin farin og skýrslu um hana skilað til stjórnar Heklunnar.